



8. janúar 2024
Tilv.: 2312053

Dreifibréf númer: 1/2024
til fjármálafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Nýjar reglur um markaðsáætlu fjármálafyrirtækja

Í umræðuskjali Seðlabanka Íslands nr. 19/2023, sem sent var til fjármálafyrirtækja með dreifibréfi nr. 55/2023, dags. 12. desember 2023, var að finna drög að nýjum reglum um markaðsáætlu fjármálafyrirtækja, sbr. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Líkt og fram kom í dreifibréfinu er um að ræða uppfærðar reglur um markaðsáætlu fjármálafyrirtækja þar sem reglugerð (ESB) 2023/1577 og reglugerð (ESB) 2023/1578 bætast við þær reglugerðir sem þegar hafa verið innleiddar með reglum um sama efni.

Reglugerð (ESB) 2022/1622, þar sem tilgreind eru þróuð hagkerfi (e. advanced economies) og nýmarkaðir (e. emerging markets), var tekin upp í EES-samninginn 9. desember sl. Seðlabankinn vekur athygli á því að umrædd reglugerð verður einnig innleidd með hinum nýju reglum um markaðsáætlu fjármálafyrirtækja sem verða birtar í Stjórnartíðindum á morgun, 9. janúar 2024.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Kristín Logadóttir
forstöðumaður
varúðareftirlit

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

